

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps nr. 226/1999.

1. gr.

Í stað „7“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 5.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. september 2001.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir framkvæmdaleyfi á Austur-Héraði.

#### **Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.**

1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður bæjarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar.

Lágmarksgjald skal þó vera kr. 10.000, enda geti sveitarfélagið ætíð, þegar lágmarksgjaldi er beitt, sýnt fram á að það hafi borið a.m.k. þann kostnað við útgáfu leyfis Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu septembermánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. *Gjaldldagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

**4. Gjaldtökuheimild.**

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt eftir 2 umræður í bæjarstjórn Austur-Héraðs 19. september 2001.

*Egilsstöðum, 20. september 2001.*

F.h. bæjarstjórnar Austur-Héraðs,

**Bj. Hafþór Guðmundsson** bæjarstjóri.

**AUGLÝSING****um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu  
til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.**

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu nr. 612/2001 eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á seinni ársþelming 2001 ákveðin þessi:

Kennslugjald vegna I. hluta námskeiðs                      kr. 60.000.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. september 2001.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

*Bryndís Helgadóttir.*